

vel til skams tíma, að spyrja: „Hvað er Unitarismus?“— „Eg veit það ekki.“— „Hver getur sagt mér það?“— Alls einn maður, en hann vill engum segja það.“

Þeir hinir sömu athuga það ekki, hversu auðvelt það er að hlæja með heiniskunni, en hversu þúsundfalt erviðara það er, að svara þegar að þeim er komið. Og það er strax að þeim komið, sem álíta, að þeir viti þó, hver sín trú sé, er bindi sig við og byggi á vissum trúarjátningum, þar sem hinir viti alls ekki, er engar játningar eigi. Það yrði áreiðanlega ekki nema einn maður, sem vissi, hvað það væri, að vera þrenningartrúar, og það er vafasamt, hvert hann vildi þá segja það. Það yrði áreiðanlega ekki nema einn maður, sem vissi, hvað það væri, að vera Kalvinisti, eins og nú stendur, og alveg áreiðanlegt, að hann vildi ekki segja það, því það yrði vandratað meðalhófið fyrir honum, svo að hann yrði ekki dæmdur annaðhvort of mikilli á eftir tíma eða þá villutrúarmaður. Því það er ekkert lítið um þessháttar dóma og kyrkjulegt réttarsar nú, þar sem hin gamla orþodox kyrkja nötrar til grunna, þegar minst er á kennningar hennar, af ótta yfir því, að þær sé ekki svo stílaðar að þær falli fólk i smekk. Sá, sem ætlaði að segja, hvað Kalvinska væri, mætti hvorki neita forlögum né játa frívilja, né samþykkja að hvortveggja væri til og væri hlið við hlið. Hann mætti ekki játa afdráttarlausa útskúfun (það orð er farið að láta hálf illa í eyrum) né heldur almenna útvalningu,—ekki neita að maðurinn sé illur frá því hann fædist né að hann sé góður, né að hann sé hvorugt. Hann mætti ekki neita, að guð hefði fyrirhugað menn til sælu eða vansælu frá upphafi, og þó ekki samþykkja, að það færi nokkuð eftir því, hvort menn lifði vel eða illa. Nei, eg er hræddur um, að það væri ekki nema einn maður, sem sagt gæti hvað væri Kalvinska, og hann myndi hreint ekki vilja segja það, svo það væri ekki haft eftir.

Og það er áreiðanlega ekki nema einn, sem sagt gæti, hvað væri Lúterska, og sá eini myndi hreint ekki vilja segja það.— Ekki útskúfun, og helvíti ekki meir en svo,— bíblíán óskeikul, en þó full af mótsögnum, innblásin, en þó óviss hvað höfunda snertir, guð algóður, en þó ofsækjandi menn og heimtandi blóð-